

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduóssbæjar vegna Blönduskóla, mánudaginn 24. janúar 2011 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting er samkvæmt undirskrift.

Heiðrún Bjarkadóttir setur fundinn.

#### **Dagskrá:**

1. Erindi skólastjóra
2. Önnur mál.

#### **Afgreiðslur:**

##### **1. Erindi skólastjóra.**

Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri fór yfir fjárhagsáætlun skólans. Umtalsverðar breytingar á fjárframlögum milli ára, niðurskurður þar líkt og í öðrum deildum bæjarins. Áhrif áætlaðs niðurskurðar mun þó gæta meira á seinni hluta ársins þ.e. á næsta skólaári. Fyrirsjáanlegt er að ekki verði hægt að endurnýja tölvur í tölvuveri og húsbúnað á miðstigi eins og óskað hafði verið eftir, nema að litlu leyti.

##### **2. Önnur mál.**

Fjölbreyttar umræður urðu um stöðu skólans, starfsmannamál, skólaakstur og skólamáltíðir. Fram kom hjá skólastjóra að samningar vegna skólamáltíða væru lausir í vor.

Farið var yfir hlutverk nefndarinnar vegna skólafestu Blönduskóla sem sett var fram í haust.

Fleira ekki rætt.

Fundargerðin upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19.05

Heiðrún Bjarkadóttir

Anna Kr. Davíðsdóttir

Hilmar Þór Hilmarsson

Árný Þóra Árnadóttir

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri

Hafdís Vilhjálmisdóttir

Lilja Árnadóttir